


Vængjasláttur í þakrennum

Nú fyrir jól kemur út hjá Almenna Bókafélaginu bókin Vængjasláttur í þakrennum, eftir Einar Mór Guðmundsson. Árið 1980 komu út eftir Einar ljóðabækurnar Er nokkur í kórónafötum hér inni? og Sendisveinninn er einmana (Svart á hvítu h/f gaf út). Árið 1981 kom út ljóðabókin Róbinson Krúso snýr aftur (Íðunn gaf út). Sama ár kom út á dönsku úrval ljóða Einars, sem hét Frankensteins kup (Valdarán Frankensteins) í þýðingu Eriks Skyums Nielsens (Forlaget Vindrose gaf út). Hún hlaut góða dóma. Árið 1982 kom út fyrsta skáldsaga Einars, Riddarar Hringstigans, en hún hlaut fyrstu verðlaun í bókmenntasamkeppni, sem Almenna Bókafélagið efndi til í tilefni 25 ára afmælis síns. Henni var tekið mjög vel. Hún er væntanleg á dönsku haustið 1984 í þýðingu Eriks Skyums Nielsens.



Einar Mór Guðmundsson

Nýja bókin er sjálfstæð saga, en þó skyld Riddurum hringstigans að því leyti, að sögu- maður er hinn sami. Riddarar hringstigans eru ein saga með ótal útdúrum, en að sögn Einars Mús samanstendur Vængjasláttur í þakrennum af mörgum sögum, sem vafðar eru hver inn í aðra. Við birtum hér sýnishorn.

(Tekið skal fram að þessi kafli er pretaður eftir frumhandriti sögunnar og er hann örlítið breyttur í endanlegri útgáfu.)

(SJ)

Sköpunarverk á sex dögum

Einar Mór Guðmundsson

Veturinn heldur áfram í hverfinu.

Á kvöldin depla stjörnurnar hafgrænum augum.

Frostið sker loftið með hnífum sem glitra.

Myrkrið er fagurtært og svart.

Frostkristallar í bensinlitum regnbogans; og göturnar ganga í glitofnum klæðum sem svört bíldekk rífa í sundur.

Það vantar bara að prinsessan í mjallhvíta kjólnum stígi dans eftir götunni álfahallinar rísi og baunagrösin teygir sig út um stofu- gluggana á vit leyndardómanna.

Í grænum hlykkjum veifa norðurljósin gegn- sæjum slæðum sem sumir segja að séu háls- klútar framliðinna húsmæðra þó aðrir pykist hafa séð í þeim engla aka rafknúðum sledum.

Vetur.

Á daginn er ljósblár himinninn sem er víður

og breiður einna líkastur risavöxnum glugga á rakarastofu.

Hann teygir sig yfir allt...

Gardínur skýjanna eru dregnar frá og heimurinn liggur sem krypplað teppi á jörð- unni.

Hjá flestum hárskerum borgarinnar er lítið að gera. Þetta er dautt og aðgerðalaust tímabil. Menn hafa varla jafnað sig eftir jólaklipping- una. Rakarastólar standa auðir og einmana og snúast í kringum sjálfa sig.

Á stofunum geispa rakarar og speglarnir drekka í sig tímann sem streymir út úr loftljósunum í dapurlegri einsemd. Rakvélar hanga í snúrum og kvennablöð eldast á borðum.

Anton Sigfinnsson rakari hverfisins er leið-

ur á dauðanum leiður á aðgerðaleysinu. Stundum finnst honum eins og hann sitji á rakarastól í auðninni, gulbrúnn gólfúkurinn eins og eyðisandur undir fótum hans. Þegar útidyrarhurðin opnast er það aðeins vindurinn sem kemur í heimsókn.

Í auðum rakarastólunum ætlar tíminn aldrei að líða og ekki getur Anton bara gengið um gólf og klippt bert loftið með skærum.

Nei hann gæti alveg eins farið út og staðið á höndum eða haldið utí hinn stóra heim með skugga sinn í eftirdragi. Í stuttu máli sagt Anton rakari nennir ekki lengur að gera ekki neitt.

Það líður heldur ekki á löngu og einn af þessum köldu bláleitu vetrardögum opnast kjallaradyrnar á rakarastofunni og Anton rakari gengur upp steinsteyptar tröppurnar.

Það færirist myrkur yfir borgina en andlit hans er lítill snjóhvítur hringur því yfir rakarasloppnum er hann í dökkgrárrí hettuúlpu og gúmmígalla yfir terlynbuxunum.

Nei Anton rakari er ekki tómhentur...

Hann er með fangið fullt af mótatimbri og sög sem dinglar á einum pumalputta.

Og ekki bara það:

Hann fer inn og kenur aftur út úr rakarastofunni með tjörupappa í stöflum og vírnet sem hægt væri að rúlla alla leið niður í bæ og tilbaka aftur.

Upp úr vasa hettuúlpunnar dregur hann klaufhamar, og gulir vinnuvettlingar hoppa á hendurnar.

Í frostpunnri síðdegiskyrrðinni byrja hamarshögginn að bergmála af slíkum krafti að inní húsunum í grenndinni heyra menn ekki bara smíðað inní höfði sér eins og þegar þeir eru timbraðir heldur finnst þeim líka eins og það sé einhver að banka á dyrnar.

Hvaðan koma öll þessi högg?

Menn sjá dvergna úr þjóðsögum, ósýnilega smíði í uppmælingu og halda jafnvel að það sé búið að lögleiða box á nýjan leik þegar þeir fatta að þetta er bara hann Anton rakari að smíða fyrir framan glugga rakarastofunnar aleinn í vetrarkuldanum.

Gulir vinnuvettlingar ganga upp og niður.

Hann ætlar þó ekki að fara að stækka rakarstofuna

Og allur þessi tjörupappi.

Og allt þetta vírnet.

Menn sjá hvernig Anton svífur um í leiðslu með hendurnar einsog vængi... Og forvitnin dreifir sér í líki kjaftakellingar á milli húsa.

Þegar menn surðu:

Hvað meinarðu eiginlega með þessu, lék bros um varir rakarans.

Anton var hljóður.

Hann bara brosti og sagði ekki neitt.

Hélt áfram að smíða. Hann smíðaði og smíðaði. Í sex heila daga smíðaði hann. Nei það vissi enginn hvað hann var að smíða fyrir en að sex dögum liðnum; þá stendur tígullegur dúfnakofinn alskapaður á kryppluðu teppi jarðarinnar.

Út um glugga rakarastofunnar horfir Anton stoltur á sköpunarverk sitt. Það leikur bros um varir hans og speglarnir drekka í sig upplýsta rakarastofuna.

Anton rakari hefur sigrað aðgerðarleysið, sigrað dauðann sem lagðist yfir rakarastofuna og brotist út úr einsemd speglanna með því að smíða dúfnakofa.

Á sex dögum skapaði guð heiminn þegar hann var orðinn leiður á aðgerðaleysinu í alheiminum.

Á sex dögum hefur Anton Sigfinnsson smíðað dúfnakofa vegna lítillar vinnu hjá hárskerum í borginni.

Ég Jóhann Pétursson sem sit hér við eldgamla skrifborðið hans Tryggva í röndóttum náttfötum með tvo helbláa hringi í kringum augum og hnéskeljarnar vafðar í hvítar sáraumbúðir og skrái þetta í rúðustrikaða reikningsbók; ég kemst ekki hjá því að hugsa að ljósblár himinninn sé bara risavaxinn gluggi á rakarastofu og guð sjálfur rakari fyrir innan sem endur fyrir löngu í upphafi daganna gekk í rakaraslopp um himaríki, leiður á aðgerðaleysinu leiður á dauðanum.


Ég bara furða mig á því hvers vegna hnötturinn er ekki í laginu eins og dúfnakofi og af hverju mannkynið hefur ekki vængi.



LEIR OG LIST

Í 5. tbl. Þórhildar skýrðum við frá því að Sjöfn Haraldsdóttir hefði verið ein af þátttakendum Konunglegu Listaakademiunnar í skreytingum á bakgördum sparisjóðsins SDS við Kóningsins Nýjatorg. Mynd af framlagi hennar var birt á forsíðunni og bar heitið »Fuglar«.

Sparisjóðurinn SDS og Múr og rúm deild Listaakademiunnar, undir ábyrgð hins þekkta Roberts Jacobsen, gerðu með sér samning sem sagði til um að SDS legði fram veggi og



bakgarð til ráðstöfunar fyrir Jacobsen og nema hans. Auk þess skuldbatt SDS sig til að leggja fram 100.000 kr. á ári í þrjú ár til efniskaupa, uppsetningar og fleira.

Þriðja og síðasta sýningin var opnuð mánuðaginn 21. nóvember af menningarmálaráðherra dana Mimi Stilling Jacobsen.

Það vakti athygli Þórhildar að Sjöfn Haraldsdóttir hefur verið valin í þriðja sinn til að sýna verk sín hjá SDS. Sjöfn skýrði frá því að nemendur deildarinnar sendu inn hygmyndir sínar og skitsur og síðan væru valin úr þau verk sem best þættu. Verk Sjafnar hefur tekið 12 mánuði í vinnslu og kallar hún það »Bylgjur og hreyfing«. Verkinu hefur verið valinn staður í andyri SDS og er það gert úr gegnumlituðum leir. Að sögn Sjafnar fékk hún innblásturinn frá nærveru sinni við vatn og sjó og er verkinu ætlað að sýna »rytma« í

lögmálum náttúrunnar. Til að fá fram sterkari áhrif hefur Sjöfn blandað sandi í leirinn sem gefur yfirborði leirsins fallegan blæ eftir brennslu.

»Það sem gerir það erfitt að vinna með leirinn eru þær óteljandi tilraunir og prufur sem þarf að gera til að fá góðan árangur. Leirinn verður að vera fullkomnlega þurr áður en hann fer í ofninn. Þurkunarferlið er því mjög seinunnið og vandmeðfarið«.

Sjöfn kvað það hafa verið mjög lærdómsríkt að taka þátt í þessum verkefnum og sagði hún að tvímælalaust yki þau sjáfstæði sitt. Hún mun ljúka námi sínu í vor og verður spennandi að fylgjast með þessum lofandi listamanni.

ÁHÁ

Hugmyndasamkeppni um gerð hirslu fyrir gripi Íslendingafélaganna

Þau ár sem liðin eru frá stófnun félaga-
anna hafa félögunum borist ýmiss konar
gripir, annað hvort sem gjafir eða eins og
reyndin hefur verið í seinni tíð, verðlauna-
gripir, en þá er átt við bikara knattspyrnuliðs-
ins. Gripir þessir hafa aldrei haft fastan
geymslustað og því síður stað þar sem þeir
koma fyrir augu félagsmanna, þeim til ánægju
og yndis. Á sínum tíma ákváðu stjórnir félaga-
anna að ráða bót á þessu og skal nú látið til
skarar skríða. Til þess að tryggja sem besta
útkomu er boðið til samkeppni.

Gera skal hirslu fyrir ofangreinda gripi sem
staðsetja á í Jónshúsi. Við hönnum slíks
húsgagns vakna ýmsar spurningar og mun hér
drepist á nokkrar þeirra sem dómnefndin mun
leggja sérstaka áherslu á við úrvinnslu tillagna.

Hvar í húsinu er best og hentugast að
staðsetja slíka hirslu?

Hvaða efni á að nota og eru þau í samræmi
við það sem fyrir er?

Hvað á slík hirsla að vera stór og á að vera
hægt að byggja við hana?

Hvernig er auðvelt að skoða gripina þannig
að þeir njóti sín sem best og án þess að
hreyfa við þeim?

Hvernig á lýsingin að vera?

Þarf oft að þurrka af?

Hversu iðurðarmikil má/á hirsla af þessu
tagi að vera og er kostnaði stillt í hóf við
útfærslu hennar?

Öllum félögum Íslendingafélagsins og Námis-
mannafélagsins er heimil þátttaka.

Trúnaðarmaður dómnefndar er Bergljót,
veitingamaður í Jónshúsi. Fyrirspurnir skulu
afhentar/sendar henni fyrir 15. jan. 1984.
Yfirlit yfir þær spurningar ásamt svörum
dómnefndar munu birtast í febrúarblaði Þór-
hildar.

Afhenda skal eftirfarandi tillögugögn:

Afstöðumynd í mkv. 1:50.

Grunnmynd, sneiðingu og útlit í mkv. 1:5.

Sneiðipunkta í mkv. 1:2.

Stutt lýsing á uppbyggingu, efnisvali og
öðrum frágangi hirslunnar.

Rúmlegar teikningar og/eða líkan.

Hámarkshæð teikninganna skal vera 120
cm og hámarkslengd 270 cm.

Auðkenna skal tillögugögn með 5 stafa ein-
kennistölu.

Ógagnsætt umslag, með nafni og heimilis-
fangi tillöguhöfundar skal fylgja tillögunni.
Umslag og umbúðir um tillögu skulu merktar
á sama hátt og tillaga. Tillögur skal afhenda
trúnaðarmanni eigi síðar en 15. febrúar 1984
kl. 23.00.

Tillögum er ekki veitt móttaka eftir þann
tíma.

Í dómnefnd eiga sæti eftirtaldir aðilar:

Sigurður Einarsson arkitektanemi

Gunnhildur Björnsdóttir listfræðinemi

Herdís Einarisdóttir húsgagnaarkitekt

Oddgeir Þórðarson innanhúsarkitekt

Tryggvi Tryggvason arkitektanemi

Miðvikudaginn 22. febrúar mun svo fara fram
umsögn dómnefndar á tillögum og strax að því
loknu verða úrslit gerð kunn.

Þar að auki munu úrslit verða birt í Þórhildi.
Tillögur munu verða til sýnis, undir höfundar-
nafni, í Jónshúsi dagana 22. feb. til 7. mars.

Veitt verða prenn bókaverðlaun og mun sú
tillaga sem fær 1. verðlaun sett í framkvæmd,
þannig að félagar munu væntanlega vorinu
geta virt fyrir sér gripi sína falletgri í þar til
gerðri hirslu.

Sig. E

SÍNE

Undirritaður mun verða tengiliður við
SÍNE í vetur. Mér barst fyrir skömmu
bunki af umsóknareyðublöðum frá lána-
sjóðnum ásamt skýringum varðandi endur-
greiðslu námslána. Þeir sem þurfa á fyrr-
nefndum gögnum að halda geta haft sam-
band við mig í síma 55 63 33/6123.

Gunnlaugur Júlíusson

Nýtt starfsár

Enn er nýtt starfsár Ísl.fél. í Kaupmannahöfn hafið. Aðalfundur félagsins var haldinn 14. okt. sl. en boða varð til aukaaðalfundar 9. nóv.sl. þar sem ekki tókst að ljúka störfum fyrri fundarins.

Í síðasta tölublaði Þórhildar var fjallað um fyrri fundinn og verður það ekki endurtekið hér. Hinsvegar mun ég í örfáum orðum gera grein fyrir framhaldsaðalfundinum, stöðu Ísl. félagsins, SÍDS, nýkjörinni stjórn svo og helstu þáttunum í starfi félagsins á nýhöfnu starfsári.

FRAMHALDSAÐALFUNDURINN 9. NÓV.

Framhaldsaðalfundurinn hófst þar sem frá var horfið á liðnum önnur mál, og lágu þá fyrir nokkrar tillögur hjá fundarstjóra. Á fyrri fundinum var samþykkt tillaga um enduraðild að SÍDS, en taka varð málið upp aftur, þar sem um formgalla hafði verið að ræða við atkvæðagreiðslu, því felld höfðu verið úr gildi áður samþykkt umbodsatkvæði. Var um þetta leitað umsagnar löglærðra manna og féllst framhaldsaðalfundurinn á þessa meðferð málsins. Tillagan um aðild að SÍDS var því tekin aftur til umræðu og fóru atkvæði að þessu sinni þannig að 14 voru með en 17 á móti þannig að tillagan féll og Ísl. félagið áfram utan SÍDS.

Fundurinn hélt síðan áfram og er þess helst að geta að samþykkt var að efna til kynningarfundar um SÍDS og verður sá fundur væntanlega haldinn í febrúar. Samþykkt var tillaga þess efnis að efla og treyst samstarfið við Námsmannafélagið m.a. við útgáfu Þórhildar, en ákveðins stíðleika hefur oft gætt í samskiptum félaganna tveggja.

Felld var tillaga þess efnis að enginn mætti sitja í stjórn Námsm. fél. og Ísl. fél. á sama tíma. Einnig var felld tillaga um hvenær greiða þyrfti félagsgjöld til að menn gætu talist fullgildir til að taka þátt í flugferðum á vegum félagsins.

Fundurinn gekk í alla staði mjög vel fyrir sig, væntanlega hafa menn haft málapófið og þrasið á fyrri fundinum í minnum, og lagt sig fram um að fundurinn gæti gengið fljótt og vel fyrir sig.

Lauk fundinum kl. 10.30 enda virtu allflestir fundarmenn tímatakmörk fundarstjóra og gættu hófs í orðavali.

NÚVERANDI STADA ÍSL. FÉLAGSINS

Erfitt er að dæma hversu sterk staða félagsins er miðað við fyrri starfsár. Sú umfjöllun sem

SÍDSmálið hefur hlotið bæði á fundum félagsins svo og í Þórhildi hefur orðið félaginu til tjóns. Menn hafa því miður ekki gætt hófs í orðavali og skrif og málflutningur sumra aðila hafa verið með ólíkindum. Fjórir aðilar hafa sagt sig úr stjórn af sömu ástæðum og blóðtaka félagsins því mikil. Stormurinn er nú sem betur fer væntanlega yfirstaðinn og andrúmsloftið í félaginu orðið eðlilegt. Ástæða er því til þess að líta björtum augum til starfsársins.

SÍDS

Þótt margir séu eflaust orðnir þreyttir á SÍDSumræðunni, er sannleikurinn sá að fæstir vita eða gera sér grein fyrir um hvað málið snýst.

Sá meirihluti sem felld hefur SÍDS aðild er ekki stór, 2 atkvæði í apríl og 3 atkvæði á framhaldsaðalfundinum. Hinsvegar vakti það athygli á framhaldsaðalfundinum að aðilar sem voru andvígir SÍDS óskuðu eftir kynningarfundi um málið, því þeir sögðust ekkert vita um málið sem þeir voru nýbúnir að fella.

Eflaust má endalaust deilda um kosti og galla þess að vera aðilar að SÍDS. Undirritaður er einn af þeim sem saknar markvissrar umræðu, þ.e. í stað þess að draga fram kosti og galla aðildar enduðu kappræður í persónulegu þrasi og leiðinlegheitum. Einnig er furðulegt að þeir aðilar sem eru hörðustu andstæðingar SÍDS sögðu sig úr stjórn, einmitt þegar verið er að samþykkja þeirra baráttumál.

Undirritaður hefur eftir fremsta megni reynt að kynna sér raunverulega stöðu þessara SÍDSmála, m.a. með því að sækja ársþing SÍDS, sem haldið var í Ósló 12. nóv. sl. Þingið var mjög vel heppnað og málefnalegt og ríkti mikil samstaða meðal þingfulltrúa, en þeir voru að sama skapi undrandi á því að Ísl. fél. í Kaupmannahöfn, eitt félag Íslendinga á Norðurlöndum, skuli hafa dregið sig út úr þeirri samvinnu.

Mín niðurstaða er því sú, að kostirnir við að vera aðilar að SÍDS séu verulegir. Flest finnst mér mæla með aðild Ísl. fél. að SÍDS, og vil í því sambandi nefna:

- á sl. starfsári voru, 22 þús. kr. af 93 þús. kr. tekjum Ísl. fél. arður frá SÍDS,
- með úrsögn úr SÍDS hafa meðlimir Ísl. fél. ekki möguleika á ódýru leiguflugi SÍDS,
- Ísl. fél. í Kaupmannahöfn stendur eitt ísl. fél. á Norðurlöndum, utan SÍDS,

— hætta er á því að fólk gangi úr Ísl. fél., og í önnur félög sem eru aðilar að SÍDS.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð um SÍDS fleiri að sinni, en væntanlega verður kynningarfundur um málið í vetur, og eru þeir sem hafa áhuga á því að kynna sér málið, hvattir til að mæta.

NÝ STJÓRN

Ekki tókst að fullmanna stjórnina á framhalds- aðalfundinum. Það út af fyrir sig bendir til áhugaleysis félagsmanna um starf félagsins. Var því leitað til nokkurra aðila um setu í stjórn, og skipa því stjórnina nú: Erlendur Hjaltason, Áslaug Svane, Sigrún J. Brunhede, Kristín Oddsdóttir Bonde, Guðrún Eiríksdóttir, Kristján B. Ólafsson og Pálmi Guðmundsson.

Undirritaður var kosinn formaður, Áslaug varaformaður, Kristín ritari og Sigrún gjaldkerri. Fyrirfram er vitað að tveir stjórnarmenn munu flytja til Íslands í vetur og losna því tvö sæti í stjórn.

Ástæða er til að taka fram að alltaf vantar fólk til starfa fyrir félagið í hinum ýmsu nefndum og störfum sem vinna þarf á vegum félagsins. Fólk er því hvatt til þess að starfa fyrir félagið og að málefnum þess.

Starfsemi félagsins byggist á almennri þátttöku og starfsemi félagsmanna, ella er félagið líflaust félag. Ef einhverjir halda að félagsmenn séu til fyrir stjórnina, er það algjör misskilningur.

STARF KOMANDI ÁRS

Framundan eru jól og áramót og að sjálfsögðu verður starfsemi félagsins með hefðbundnum hætti, þ.e.a.s. jólaglögg í Jónshúsi svo og jólaball fyrir börn á öllum aldri á Øresunds-kollegii 26. des. kl. 14.

Porrablót verður samkvæmt venju haldið í febrúar (e.t.v. 1. febrúar) en ekki er endanlega búið að ákveða stund, stað eða verð. Vitaskuld verður reynt að halda kostnaði í lágmarki en töluverður kostnaður er samfara porrablótshaldi. Porrablótið verður auglýst jafnskjótt og fyrirkomulag hefur verið ákveðið. Stjórnin er nú að leita að tæknilegum framkvæmdarstjóra porrablótshalds, en um þá stöðu verða eflaust engin slagsmál.


17. júní 1984 er merkilegri að þessu sinni ef oft áður, því um er að ræða 40 ára afmæli lýðveldisins. Verður því reynt að hafa daginn hátíðarlegri en oftast áður en það verður auglýst síðar.

Aðrir þættir í starfi félagsins eru t.d. kvennakvöld, spilakvöld og margskonar uppákomur, sem auglýst er jafnan í Þórhildi.

LOKAORD

Að lokum er það von núverandi formanns að sem flestir taki þátt í starfi félagsins á nýhöfn starfsári, og stuðli þannig að sterku og þróttmiklu félagi Íslendinga í Kaupmannahöfn.

Kristján B. Ólafsson



VI SÆLGER:

Salt og saltspredemaskiner
Kemikalier og plantebeskyttelsesmidler
Voks og plastprodukter
Hjælpestoffer, krydderier og specialmaskiner til fødevareindustrien
Hjælpemidler og anlæg til metallisk overfladebehandling
Råvarer til kosmetik og kemisk teknisk industri
Autoplejemidler
Byggematerialer og vægbeklædning
Antikviteter, tæpper og kunsthåndværk



BRØSTE

P. Brøste A/S, Overgaden oven vandet 10

1415 København K — Telf. (01) 54 03 33

Telex 31276 — Telegramadresse Brøste



Gunnar Thoroddsen

(29.12.1910-25.9.1983)



Kveðja frá vini

Dáinn, horfinn, harmafregn.

Mér kemur í hug þetta forna kvæði:

Deyr fé,
deyja frændr,
deyr sjálfr it sama.
Er orðstírr
deyr aldregi,
hveim es sér góðan getr.

Eins þetta:

Hvars þú ből kannt, kveð þú þér bölví at.¹⁾
Þetta hefðu vel getað verið einkunnarorð
Gunnars heitins. Hann vildi alltaf hjálpa þeim,
sem þurftu þess með.

Við Gunnar kynntumst verulega í 1. bekk
Latínuskólans. Húsið, sem Gunnar bjó í, var í
námunda við okkar heimili. Á leið úr skóla
stönsuðum við oft heima hjá Gunnari og
tefldum. Fyrstu vikurnar unnum við til skiptis.
En allt í einu vann Gunnar alltaf. — Þetta sýnir
hvað hann tók allt alvarlega sem hann sýslaði
við. Það kom líka í ljós síðar, þegar hann fór
að vinna fyrir þjóðina, að hann vildi aldrei
kasta hálfunnu verki frá sér.

Þegar við urðum stúdentar árið 1929 skildu
leiðir okkar. Gunnar fór í lögfræði en ég í
læknisfræði. Gunnar tók mikið próf, en ég
slumpaðist í gegn með hjálp góðra manna. Ég

hélt svo til Danmerkur til að fullnema mig og
flentist hér.

Okkur bar aftur saman þegar Gunnar varð
sendiherra í Danmörku. Ég kom næstum
daglega á heimili þeirra Völu. Það var eins og
að koma heim. Bæði Gunnar og Vala voru svo
viðkunnanleg að ekki er hægt að hugsa sér
betra heimili.

Síðast þegar ég kom heim til Íslands var
Gunnar orðinn forsætisráðherra. Hann bauð
okkur gömlu skólabræðrum sínum, Kjartani
Jóhannssyni og Oddi Ólafssyni læknum að
borða á Hótel Sögu. Þá sagði ég við Gunnar:
»Það held ég að eigi betur við þig að vera
forsætisráðherra og stjórna, en að vera forseti
og skrifa unidir einhver skjöl frá öðrum.«
Gunnar hugsaði sig lengi um, en sagði svo:
»Ég held að þú hafir rétt fyrir þér«. — Þetta
var í síðasta sinn sem við Gunnar töluðum
saman.

Við Gunnar vorum vinir alla daga. Það kom
eins og reiðarslag þegar ég heyrði að hann
væri dáinn. Ég hef átt marga góða vini um
ævina, en ég held, að ég hafi aldrei séð eins
mikið eftir neinum.

Vertu sæll góði vinur. Nú hefurðu fengið hvíld
eftir langa og góða starfsævi.

Erlingr Tulinius

1) Þ.e. Láttu bөл annarra verða að böli, áttu þig varða
þjáningar annarra. (Hávamál)

ÚR BÓKASAFNI

Í Jónshúsi er starfrækt bókasafn. Kennir þar margra grasa, enda safnið aukist jafnt og þétt í gegnum árin. Blaðamenn ÞÓRHILDAR lögðu leið sína í safnið, einu sinni sem oft, fyrir stuttu til að kanna hvort þar fyndust ekki bækur sem hentuðu til birtingar í blaðinu.

Það er ætlun okkar að birta snjalla kafla og með því m.a. auka áhuga félagsmanna á safninu. Safnið er opið á hverjum sunnudegi frá kl. 4 til 6.

Þegar við hófum athugun okkar, sáuð við fljótt að mjög margar bækur koma til greina, með hugsanlega birtingu í blaðið í huga. Við völdum að byrja á bók sem ber heitið »Heilsufræði ungra kvenna«, sem var gefin út 1923 á kostnað Steindórs Gunnarssonar. Bókin er skrifuð af Kristiane Skjerve, en hún hlaut 1. verðlaun fyrir bókina í samkeppni sem þjóðráð norskra kvenna gekkst fyrir 1912 um bók sem bera skyldi heitið »Heilsufræði ungra kvenna, handbók til fræðslu og leiðbeiningar mæðrum og kennslukonum í skólum og heimahúsum«.

Vonum við að þið, lesendur góðir, hafið gaman af lestrinum, og komið í Jónshús og kannið safnið.

Erl.

»Blint er ástaraugað«, og er það bæði kostur ástarinnar og löstur. Það er ekki gott að vera alt of glöggskygn á galla annara manna. Fullkomleika finnum vér hvorki hjá sjálfum oss né öðrum. Sú, sem ekki sér annað en gott í fari unnustans, má vera við því búin, að sjá gallana síðar. Mjög verður sú fyrir vonbrigðum, er hyggur hjónabandið eintóma sæludaga. En geti hún, þrátt fyrir ástarvímuna, litið skynsamlega á hjónabandið, og verið viðbúin erfiðleikunum, mun hjónabandið ef til vill reynast farsælla, en þorað var að vænta í fyrstu. Og vel skyldi alt athugað, áður en gert er, og ekki af óforsjálni ratað í ógæfu. En verst er þó að ala börn til þess lífs, er ógæfan bíður þeirra við vöggustokkinn. Því er eins farið með manninn og konuna, að ekki má hann

stofna til fjölskyldu fyrir en hann er vaxinn og proskaður til fulls. Þá, og ekki fyrir, má hann sér að skaðlausu stuðla til þess, að nýr einstaklingur skapist. Þá ætti hann að hafa náð fullkomnun til að ala börn sín upp og sjá fyrir þeim.

»Heilbrigð sál í hraustum líkama« táknar betur en nokkuð annað kröfurnar, sem gera verður til föðurins. Heilbrigð sál er nokkuð óákveðið hugtak, og má hver leggja í þá merkingu, sem hann vill. Sjálfsafneitun og nærgætni eru trúir og góðir eiginleikar til að stofna með hjónaband. Eigi maðurinn og konan þessar dygdir, hafa þau góð skilyrði til sambúðar. Gálauslegt framferði og fyrirhyggjulaust tal getur skorið sárar en búist var við. Og vilji foreldrarnir glæða gott hjartalag hjá börnum sínum, er það nauðsynlegast alls, að samstilling, sanngirni, ástúd og lipurð ríki á heimilinu. Faðir eða móðir, sem ekki getur stjórnað geði sínu gagnvart börnunum, hafi þeim orðið eitthvað á, geta ekki vænst þess, að börnin hafi vald á tilfinningum sínum, þegar þeim mætir eitthvað mótdrægt. Noti foreldrarnir skammaryrði, gera börnin það líka. Og ef foreldrarnir flengja þau, munu börnin leggja hendur á þá, sem þeim eru minni máttar.

Ung stúlka skyldi hugsa sig oft um, barna sinna vegna og sjálfrar sín, áður en hún giftist manni, sem hneigður er til ofdrykkju. Engin ógæfa hefir eyðilagt eins mörg heimili og ofdrykkjan. Mesti sómamaður ódrukkinn getur orðið fól og fúlmenni við vín og veit enginn hvað hann kann að aðhafast í ölæðinu eða hversu fara muni.

Á hinn bóginn hefir margur gálaus unglingur orðið samviskusamur húsbóndi. Ást og ábyrgðartilfinning um heimili sitt og fjölskyldu styrkir unga menn og effir gegn freistingum.

— Þannig getur því verið farið með margt og margt; það er engum hent, að sjá fyrir um framtíð ungra manna. Umhverfið og hagir þeirra, gæfa og ógæfa o.s.frv. geta gerbreytt mönnum, bæði til hins betri og verri vegar.

Hjónin verða að sýna nærgætni og skilning um tilfinningar hvors annars, og alt sem lýtur að kynferðismálunum. Einkum framan af, áður en þau þekkja hvort annað til fulls. Venjulega eru fýsnir karlmannsins sterkari en konunnar, og gera fyr vart við sig. Hranaleg ákefð getur sært næmar tilfinningar hennar og skuggi vonbrigðanna lagst á sambúðina. Það eitt, sem gefið er af fúsum vilja og með gleði, er báðum til hamingju.

Hjón skyldu muna, að þau bera ábyrgð á því, hvernig fer um samvistirnar. Þau hafa lagalegan rétt til samvistar, en ekki siðferðis-

gan rétt til þess, ótakmarkað og léttúðugt að fullnægja hvötum sínum. Hjón mega aldrei gleyma því, að samfarir þeirra geta leitt til þess, að í heiminn fæðist barn, veslingur, sem ekki hefði óskað að sjá ljós dagsins, og ekki er sjálfráður um, hversu um hann fer. Hann verður að erfa andlega og líkamlega galla foreldra sinna, auðlegð eða vesaldóm, sult og seiru. Hann er varnarlaus og fær ekkert að gert. Ekki má eiginmaðurinn gleyma því, að þegar konan er með barni, vofa yfir henni hættur og þjáningar, skyldur og ýmsir erfiðleikar, jafnvel þó hagir hennar séu að öðru leyti góðir. Um samvistir karls og konu skal ríkja sjálfsafneitan og nærgætni ástarinnar en ekki kröfuréttur hinna ótömdu fýsna. Kvenlegleiki og viðkvæmni konunnar er dýrmætari fjársjóður en svo, að sá er stendur henni næst, megi spilla honum.

Hjón verða að lifa saman í einingu andans, ef vel á að fara. Ekki er nauðsynlegt, að þau

séu á eitt sátt um alla hluti og api hvort eftir öðru. En yfirleitt verða lífsskoðanir þeirra að vera líkar, og helst ættu þau að eiga sama takmark að keppa að, og geta unnið saman að því. Alvörugefin manneskja og heittrúuð getur ekki orðið hamingjusöm í hjónabandi með trúleysingja. Jafnaðarmaður og ákafur auðvaldsinni koma ekki skapi saman o.s.frv. Oft hafa hjónabönd farið út um þúfur leynt og opinberlega af því, að annaðhvort hjóna hefir litið fyrirlitningaraugum mál, sem hinu var kært. — Margur, sem hefir komið miklu og góðu til leiðar hefði aldrei getað það, ef hann hefði ekki daglega fundið samúð, hvatningu og hjálp í hjónabandi sínu. Hinn áhrifamikli maður með sterka viljann ryður sér braut áfram, þó að hjúskapurinn fari út um þúfur við það. En skyldurækin mann og nærgætin, sem hatar ófrið og elskar samræmið, getur hent það, að selja sál sína fyrir hinn makindalega frið.

Félagsgjöld Íslendingafélagsins

Vegna þess hve aðalfundur Íslendingafélagsins dróst á langinn auk annarra ástæðna hafa girókort til greiðslu árgjalda ekki enn verið send út. Þetta stendur þó til bóta þar sem þau verða send út nú í byrjun desember. Kortin verða nokkuð öðru vísi nú en áður þar sem meðlimir verða að veita meiri upplýsingar nú. Stafar þetta af því að sl. aðalfundi var samþykkt fjölskylduárgjald að upphæð kr. 125,00. Þar sem fleiri en 1 fullorðinn er í heimili skal fjölskylduárgjald greiðast, nema báðir aðilar vilji gerast einstaklingsmeðlimir. Einnig skal merkja við ef félagsmenn vilja styrkja útgáfu Þórhildar og þá um hversu háa upphæð. Einstaklingar og fólk eldra en 67 ára merkja svo einnig fyrir utan þá línu sem við á. Þegar öllu þessu er lokið skal leggja þær upphæðir sem greiða skal saman, og skrá hana

í upphæðsreiti á báðum blöðum giróseðilsins. Á öðru blaði giroseðilsins er skráð númer, það er félagsmannanúmer mjög mikilvægt að greiðendur skrái númer einnig á hinn helming giroseðilsins í reitinn þar sem nafn greiðenda kemur fram.

Þetta er kjörið tækifæri til að leiðrétta ranglega skráð nöfn og heimilisföng svo og ef um fjölskyldugjald er að ræða skrá nöfn beggja fullorðinna. Æskilegt er að fólk skrái símanúmer sín á seðilinn.

Vonandi tekst öllum að skrá umbeðnar upplýsingar á seðilinn, og greiða hann hið fyrsta þar sem svo mikill dráttur hefur orðið á útsendingu hans að við erum farin að skrapa botn »kassans« til að verja félagið gjaldproti.

Erl.

Þá var öldin önnur
er Gaukur bjó á Stöng.
Kátt var kneypað ölið
kvöldin vetrarlöng.

Það
 heyrrir nú
 sögunni til að
 Íslendingar þurfi að
 hverfa frá hinni huggulegu
 kráarmenningu í Kaupmannahöfn
 er þeir heimsækja
 fósturjörðina
 því...

GAUKUR Á STÖNG

er nafnið á fyrstu ölstúkunni
á Íslandi. Þar er á boðstólum:

- bjórliki og Gammel Dansk
 - matur
 - almennar vínveitingar
- + HUGGULEG ÞÝSK BJÓRKRAARSTEMNING

Gaukur á Stöng
v/Tryggvagötu

Halldór Laxness' erindringer

Erik Sønderholm



På højden af sin karriere udgav Halldór Laxness i 1964 et bind erindringer med titlen »Skáldatími« (1964), der i ordret oversættelse til dansk kunne blive »Digtertid«, men som imidlertid fik den mere provokerende titel »En digters opgør« (1964); den islandske titel præciserer fint, at det er en digters erindringer, ikke privatmandens, hvorfor den da også behandler forfatterperioden fra o. 1925 frem til den anden verdenskrig, fra katolicisme over marxisme til humanisme.

En halv snes år senere begyndte Laxness ret uventet at skrive sine erindringer fra barndommen og ungdommen frem til, hvor »En digters opgør« begyndte. Serien afsluttedes i 1980 med fjerde bind, der nu (okt. 1983) er udkommet på dansk; dermed foreligger hele serien tilgængelig på dansk.

På Island har man længe dyrket memoiregenren, kendetegnet ved stor bredde og tilstræbt nøjagtighed selv i smådetaljer. Noget lignende skal man sandelig ikke vente sig af en digter, thi det turde være indlysende, at en digter rent professionelt må »digte« sine erindringer, hvad ellers? Dvs. han vil ganske uvilkårligt komponere begivenheder og samtaler til de kunstneriske helheder, som de måske ikke altid har været i virkeligheden, men som de måtte forvandles til, når de skulle undergå den forunderlige metamorfose til tolkende kunst.


Da Henrik Pontoppidan også på et relativt sent tidspunkt i sit liv skrev fire bind erindringer, valgte han senere som fællestitel »Undervejs til mig selv«, en sigende titel som i virkeligheden udmærket passer på de fire erindringsromaner af Laxness. For begge disse Nobelpristagere gælder det, at de med Goethe som forbillede som sagt går digterisk professionelt til den intrikate opgave at affatte erindringer. De opererer nok med begrebet »Wahrheit«, men de forstår begge, at denne »sandhed« ikke kan være en sølle millimetersandhed; den må derimod være identisk med digterens oplevelse af begivenhederne og deres afspejling og betydning i ham. Og ligesom der hos Pontoppidan er visse personer, som læseren næppe nogensinde vil finde i Vejviseren eller Telefonbogen, er der på samme måde hos Laxness scener, der efter kyndige og upoetiske pedanters udsagn ikke ganske forløb på den beskrevne vis; men begge digtere vil imidlertid indfange en anden slags sandhed end den trivielle, og kunststykket lykkes for begge. Det er digteriske eller poetiske erindringer, der lyder digtningens krævende love, der er ganske andre end politiets håndfaste. Ved denne særlige teknik fremstår der hos Laxness et skarpt og rigt nuanceret portræt af drengen og ynglingen Halldór Laxness, dette aparte væsen, i hvem så mange talenter og så mange tilskyndelser

kæmpede, men gnisten manglede; dette fængstof kom i klosterperioden, og processen beskrives analyserende dels i »En digters opgør« og i kap. 12, »Et kapitel uden for mønstret«, i »Syvmestrekrøniken«, seriens bind 3. Selv om der gik lang tid mellem de to sæt erindringer, er det lykkedes Laxness med vanlig sikkerhed at komponere disse fire romaner sammen, så at de styrer lige imod det springende punkt: en digters tilblivelse. Der-

for vil enhver, der er blevet indfanget af Laxness' besættende episke kunst, have glæde af disse fire særprægede erindringsromaner.

BIBLIOGRAFI

- 1) Hjemme på tunet, 1977.
- 2-3) Syvmestrekrøniken, 1980 (indeholder både Syvmestrekrøniken og Ung var jeg fordum).
- 4) Mit græske år, 1983.



For ÞÓRHILDUR ónsker vi vores læsere en glædelig jul og et godt nyt år, med håb om bedre gensyn på det nye år.

Redaktionen

ÞÓRHILDUR óskar öllum lesendum sínum, nær og fjær, gleðilegra jóla og færsæls komandi árs. Sjáumst hress á nýju ári.

Pökk fyrir hjálpina, Rúna

Það var fyrsti maí og líklegt að einhverjir slæddust í kaffi. »Það er vant því, fólkið, að koma hér inn eftir mannfundinn í Fællerparken«. Hún virtist þekkja sitt fólk. Einnig hafði hún hugboð um hvernig það bríðist við er nýir gestgjafar kæmu í húsið. Það væri líklegt að nokkrir vildu borða, taldi hún. Hvort tveggja stóð heima. Það var ekki laust við að ég fengi skjálfta í hnén þegar skyndilega tíu manns stóðu þar og sögðu að pönnukökur með sultu og rjóma væri það besta sem þeir vissu, — og heitt súkkulaði. Og aðrir tíu með mjög svipaða skoðun á lífsins gæðum. Ragna var að undirbúa kvöldverðinn, einhvern spánskan rétt með kryddum úr »Þúsund og ein nótt« og ég var búinn að tapa áttunum í þessu krókótta eldhúsi.

»Einhvern veginn bjargaðist þetta. Guðrún veit betur en ég hvernig það eiginlega gerðist. Og framundan voru fleiri slíkir dagar og kvöld í Jónshúsi. Smám saman hætti ég að fá skjálfta í hnén, en Guðrún held ég að hafi aldrei losnað við tilfinninguna um að ég væri óviðbúinn margmenni, hefði gleymt að kaupa rjómann eða jafnvel láðst að taka lambalærin úr frysti kvöldið fyrir pantaða veislu. Á hinn bóginn gladdist hún jafnvel meira en ég við allt hól sem kurteist fólk og velviljað lét falla um matinn. »Ég skal skila því til kokksins«, var hún von að segja með þeirri virðingu í



röddinni að mig tók dulítið sárt að ekki skyldi vera alvöru meistarakokkur í eldhúsinu.

Nei, hún hafði aldrei verið kölluð Gunna, sagði hún mér yfir bolla af kaffi í fásinni einhvers venjulegs dags. Rúna hafði hún verið kölluð á yngri árum, og nokkrir vinir kölluðu hana það enn. Ég leyfi mér það einnig nú: Þökk fyrir alla hjálpina, Rúna.

Gulli

Heyskapurinn í Jónshúsi heldur áfram

Dag skal að kveldi lofa, eins og kerlingin sagði, eða svoléiðis... Var ekki búið að lofa að við yrðum endanlega laus við þetta súrheys-eiturbras í kúltúrhúsinu okkar?! Maður var í þann veginn að halda upp á þau gleðilegu tíðindi með »einni-með-öllu« þegar slær niður þeirri voðafregn að hann hafi snúið aftur, grasabaunakokkurinn!!


»Tarsan snýr aftur«, »Frankenstein snýr aftur«, »Gunnar snýr aftur«,... Maður hefur svo sem séð sitt af hverju. En þetta: »Gulli snýr aftur —, á miðvikudögum!! Líklega á

þetta að vera »tryllir aldarinnar«, »mesta hrollvekja allra tíma«, o.s.frv. Lélegur farsí, ef ég má segja mitt álit.

Ég veit þú trúir þessu ekki, og þess vegna endurtek ég: Gulli heldur áfram að baunajurtagrjónast á miðvikudögum í Jónshúsi, — í boði nýju gestgjafanna, segja menn! Ég legg til að við mætum öll á þeim degi í húsinu..., — og étum hann út á gaddinn!! (Betra: mætum öll með nesti, ha! ha! ha!...).

Einn með magasár.

Myndagáta



Búslóðin heil í höfn

Þegar okkur er trúað fyrir stóru eða smáu innbúi til flutnings milli landa vitum við að góð ráðgjöf og vandvirkni í vinnubrögðum skiptir öllu máli.

Bækurnar, gamli stóllinn, fallega afmælisgjöfin, orgelið... allt á sína sögu og er fyrir eigandanum ómetanlegt til fjár.

Við leggjum því mikla áherslu á **öruggan** og **auðveldan** búslóðaflutning með

- hentugum gámum
- sérhönnuðum búslóðakössum fyrir viðkvæma vöru
- jöfnu flutningsgjaldi til helstu hafna landsins
- viðtækri heimsendingarþjónustu

en fyrst og fremst með **góðum ráðum** og **réttum handtökum**.

**Hafið samband við næsta umboðsmann
og leitið frekari upplýsinga.**

Kaupmannahöfn
DFDS A/S
Sankt Annæ Plads 30,
1295 København K
Sími (01) 15 63 00

Horsens
DFDS Bech Spedition
Havnen 43
8700 Horsens
Sími (05) 62 54 44

Flutningur er okkar fag

EIMSKIP

Sími 27100



0683 E2

